

## **AUKIN EFNISVINNSLA Í HAMRANESNÁMU Í LANDI HAFNARFJARÐAR.**

### **Ákvörðun um matsskyldu**

#### **NIÐURSTAÐA**

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að aukin efnisvinnsla um allt að 100.000 m<sup>3</sup> í Hamranesnámu sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Hafnarfjarðarbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og starfsleyfi heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar – og Kópavogssvæðis skv. reglugerð 785/1999 um atvinnurekstur sem geti haft í för með sér mengun.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Hafnarfjarðarbær og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 14. janúar 2008.

12. desember 2007

## INNGANGUR

Þann 8. nóvember 2007 tilkynnti Hafnarfjarðarbær (Fráveita Hafnarfjarðar) aukna efnisvinnslu úr Hamranesnámu til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 13a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Hafnarfjarðarbæjar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Landsnets og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Hafnarfjarðarbæ með bréfi dags. 29. nóvember 2007, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 26. nóvember 2007, Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar – og Kópavogssvæðis með bréfi dags. 27. nóvember 2007, Landsneti með tölvupósti dags. 4. desember 2007 og Umhverfisstofnun með bréfum dags. 15. nóvember 2007 og 4. desember 2007. Frekari upplýsingar bárust frá Hafnarfjarðarbæ með tölvupósti dags. 29. nóvember 2007.

## FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARÆDILA

**Fyrirhuguð framkvæmd.** Fram kemur að fyrirhugað er að auka efnisvinnslu úr Hamranesnámu. Náman sé í Hamranesi norður af Vallahverfi í landi Hafnarfjarðar og framkvæmdasvæðið sé hluti af rana vestan við Hamranesnámu. Þar hafi árið 1998 verið heimiluð efnisvinnsla sem geri ráð fyrir vinnslu allt að 350.000 m<sup>3</sup> stórgrýtis og 220.000 m<sup>3</sup> fyllingarefnis. Nú sé fyrirhugað að auka vinnslu sem nemi allt að 100.000 m<sup>3</sup> af efni, 40.000 – 50.000 m<sup>3</sup> stórgrýti en annað fyllingarefni. Svæðið sem efnistakan taki til verði að hámarki 20.000 m<sup>2</sup>. Markmið framkvæmdarinnar felist annars vegar í að afla stórgrýtis til fergingar útrásar frá nýrri skólphreinsi – og dælustöð í Hraunavík, rétt við lóð álversins í Straumsvík. Hins vegar sé verið að auka samfellu í skipulagi fyrirhugaðs íbúðahverfis, s.k. Hamraneshverfi 2, með því að fjarlægja hluta af rana við námuna. Efnið verði losað með sprengingum og borunum, en stórar vinnuvélar munu vinna efnið frekar, flokka það og koma á bíla. Athafnasvæði tækja verði sjálft framkvæmdasvæðið og núverandi Hamranesnáma þar sem efni yrði flokkað og unnið. Áætlað sé að efnið verði ekki flutt úr námunni fyrr en vinnsla í henni verði búin eða langt komin. Stærsti hluti efnisins verði þá fluttur um Krýsuvíkurveg í suðurhöfnina í Hafnarfirði, þaðan sem það verði flutt með pramma að útrásinni, en afgangur efnisins verði flutt um Krýsuvíkurveg í Hraunavík.

**Áhrif á núverandi landnotkun.** Fram kemur að náman sé innan fyrirhugaðs skipulagreits undir íbúðabyggð, búíð sé að úthluta lóðum í nálægri íbúðabyggð (Vellir 6) og flutt sé í hús í um 300 m fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu. Ljóst sé framkvæmdin muni valda stað – og tímabundnum áhrifum á íbúa nærliggjandi hverfis, sérstaklega vegna hávaða og titrings. Uppsprettur hávaða eigi það sameiginlegt að þær verði ekki samfelldar, en valdi hávaða í mislangan tíma eftir því hvaðan hann er upprunninn. Uppsprettur hávaða séu þrjár. a) Umferð sem muni valda samfelldustum hávaða. b) Bergborun sem valdi líklega mestum hávaða við grjótnámið og geti verið samfelld í ákveðinn tíma. Hávaði frá bergborun gæti numið 68 dB í fyrirhugaðri byggð, án þess að tekið sé tillit til skermunaráhrifa frá umhverfi. Ef reiknað er með skermunaráhrifum má áætla að hljóðstig vegna vinnuvéla og bergboranna gæti hæst orðið um 29 dB, sem sé undir kröfu um 30 dB innanhúss hávaða vegna utanaðkomandi hávaða skv. reglugerðum. c) Sprengingar sem valdi stökum hvellum, sem væntanlega muni hins vegar ná hæstu stöku hávaðagildunum.

Sprengihvellirnir gætu numið 51dB inni í hljóðeingangraða íbúð með lokaðan glugga í 350 m fjarlægð, sem sé í efri mörkum miðað við jafngildishljóðstig.

Fram kemur að framkvæmdaraðili muni setja skilyrði í framkvæmdaleyfið um að sprengihleðslur verði eins litlar og hægt sé að komast af með. Þá megi takmarka vinnutíma í námunni og setja ákvæði þess efnis í framkvæmdarleyfi. Einnig verði óskað eftir að hljóðstig frá vinnslunni verði mælt á fyrstu dögum vinnslunnar og niðurstöðum komið til heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis. Gefi niðurstöður tilefni til, verði gerðar viðeigandi ráðstafanir til að draga úr hljóðmengun, t.d. með mönum eða veggjum.

Framkvæmdaraðili metur það svo að vegna vinnslunnar muni hávaði valda stað - og tímabundnum neikvæðum áhrifum, en leggur áherslu á mótvægisáðgerðir til að draga úr áhrifunum, sem sett verði inn sem ákvæði í framkvæmdaleyfi.

**Áhrif á landslag og ásýnd.** Fram kemur að framkvæmdasvæðið sé hluti af rana vestan við Hamranesnámu, en stærri hluti hans og klettabelti norðan við námuna verði skilið eftir, til verndunar landslags og skjólmyndunar fyrir komandi íbúðabyggð. Sjónræn áhrif verði mest fyrir væntanlega íbúa í Hamraneshverfi 2, en muni einnig gæta í efstu húsum á Völlum 7 og Áslandi. Þá muni fólk á göngu við Hamranes og á Ásfjalli sjá ummerki frá frekari vinnslu. Við lok námuvinnslu verði gengið frá námunni þannig hún fari vel í landslagi og mun sá frágangur verða hluti af deiliskipulagsvinnu vegna íbúðabyggðar sem áætluð er á svæðinu. Við mat á sjónrænum áhrifum þurfi að hafa í huga að Hamranes er þegar töluvert raskað, en áhrifin á landslag og ásýnd verði nokkur, en muni ráðast af frekari útfærslu við deiliskipulag og frágang vinnslusvæða og því sé nokkur óvissa um endanleg áhrif.

#### **Áhrif á náttúru – og menningarminjar.**

Gróður. Fram kemur að á framkvæmdasvæðinu sé hvorki mjög gróskumikill né fjölbreyttur gróður og muni hann eyðast vegna framkvæmdarinnar, en m.t.t þess að sambærileg svæði er að finna í nágrenninu, séu áhrifin talin óveruleg.

Fuglar. Fram kemur að ólíklegt sé talið að mófuglar verpi lengur í rananum, vegna þeirra framkvæmda og rasks sem orðið hefur á svæðinu, en hugsanlega nýti þeir ranann til fæðuöflunar. Því muni svæði til fæðuöflunar skerðast varanlega en á heildina litið hafa óveruleg áhrif á fuglalíf.

Jarðmyndanir. Fram kemur að engar sérstæðar jarðmyndanir hverfi vegna aukinnar vinnslu úr námunni. Bein áhrif vinnslunnar felist í að allt að 100.000 m<sup>3</sup> af jarðefni verði fjarlæggt og verði áhrifin því bein og varanleg.

Menningarminjar. Fram kemur að engar fornleifar eða minjar sé að finna á Hamranesi.

**Áhrif á grunnvatn.** Fram kemur að ekki sé búist við að framkvæmdin hafi áhrif á grunnvatn, nema e.t.v mjög staðbundið í grágrýtinu næst námunni og bent er á að námubotn í Hamranesi sé u.þ.b. 10 m ofan við grunnvatnsyfirborð. Þá sé námuvinnslan eftirlits- og starfsleyfisskyld og gerðar kröfur til verktaka um mengunarvarnir og að hálfu Hafnarfjarðarbæjar verði lögð rík áhersla á að tryggja mengunarvarnir þannig að grunnvatn spillist ekki. Því séu áhrif af aukinni efnisöflun á vatn talin óveruleg.

**Samræmi við skipulagsáætlanir.** Samkvæmt greinargerð gildandi aðalskipulags Hafnarfjarðar kemur fram að Hamranesnáma verði ekki nýtt sem náma í framtíðinni og lagt sé til að fjarlægja með frekari vinnslu þann rana sem skilinn hafi verið eftir vestan námunnar og svæðið þannig gert aðgengilegt sem íbúðarsvæði. Við lok námuvinnslu verði gengið frá námunni þannig að vel fari í landslagi og öryggi íbúanna tryggt.

## ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

**Almennt.** Í umsögnum Hafnarfjarðarbæjar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar – og Kópavogssvæðis, Landsnets, og Umhverfisstofnunar kemur fram sú afstaða að ekki sé talin ástæða til að framkvæmdin þurfi að vera háð mati á umhverfisáhrifum.

**Áhrif á núverandi landnotkun.** Í umsögn Hafnarfjarðarbæjar kemur fram að helstu neikvæðu áhrif framkvæmdarinnar verði ónæði af völdum hávaða og titrings sem fylgja borunum og sprengingum við vinnsluna. Bæjaryfirvöld telja hins vegar að ef tillögum um mótvægisáðgerðir verði fylgt eftir, megi komast hjá verulegum neikvæðum umhverfisáhrifum. Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, sem byggir á umsögn heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar – og Kópavogssvæðis, kemur fram að umrætt námusvæði sé ekki á vatnsverndarsvæði né njóti verndar vegna umhverfis. Helstu umhverfisáhrif muni varða íbúa í nálægri byggð í formi hávaða eða titrings. Í tilkynningu kemur fram að bæjarfélagið muni takmarka tímasetningar sprenginga og borana við 9 – 19 á virkum dögum og 10 -16 um helgar. Heilbrigðiseftirlitið bendir hins vegar á það sé mat heilbrigðisnefndar að þegar bæjaryfirvöld veiti framkvæmdaleyfi fyrir starfssemi nærri eða í þéttbýli sem valdið getur ónæði og fyrirséð er að taki nokkurn tíma (vikur eða mánuði) þá eigi ávallt að skilyrða að slík starfssemi fari ekki fram á sunnudögum eða lögskipuðum frídögum. Þá bendir heilbrigðisnefndin á að umrædd starfssemi sé starfsleyfis skyld hjá heilbrigðisnefnd skv. reglugerð 785/1999 um atvinnurekstur sem geti haft í för með sér mengun. Í umsögn Landsnets er bent á að tryggja verði að sprengingar vegna námuvinnslu valdi ekki tjóni á undirstöðum háspennulína í nágrenni Hamranesnámu.

**Áhrif á landslag.** Í umsögn Hafnarfjarðarbæjar kemur fram að framkvæmdin muni valda breytingum á landslagi og ásýnd við námuna. Við deiliskipulag svæðisins muni varða gerðar tillögur að endanlegum frágangi námunnar með það að markmiði að umhverfi verði öruggt og að byggð, umhverfi námunnar og Hamranes falli vel hvað að öðru. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að fyrirhuguð nýting svæðisins undir íbúðahverfi muni tryggja ásættanlegan frágang að efnistöku lokinni.

## NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða aukna efnisvinnslu í Hamranesnámu í Hafnarfirði. Áætluð efnistaka er allt að 100.000 m<sup>3</sup> á 20.000 m<sup>2</sup> svæði. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13 a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að helstu áhrif á framkvæmdarinnar séu vegna ónæðis af hávaða og titringi. Áhrifin séu staðbundin og tímabundin en verði þess fyllilega gætt að uppfylla þær mótvægisáðgerðir sem koma fram í tilkynningu séu áhrifin óveruleg. Skipulagsstofnun leggur áherslu á að mótvægisáðgerðir skili sér inn í framkvæmda- og starfsleyfi og þ.m.t. ábendingar Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og

Kópavogssvæðis um frekari takmarkanir á vinnslu í námunni, þ.e. á sunnudögum og lögbundnum frídögum. Þá beinir Skipulagsstofnun þeim tilmælum til Hafnarfjarðarbæjar að haft verði samráð við Landsnet vegna sprenginga í námunni, m.t.t hagsmuna Landsnets.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Hafnarfjarðarbæjar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Hafnarfjarðarbæjar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að aukin efnisvinnsla í Hamranesnámu í landi Hafnarfjarðar sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Hafnarfjarðarbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og starfsleyfi heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar – og Kópavogssvæðis skv. reglugerð 785/1999 um atvinnurekstur sem geti haft í för með sér mengun. Þá vekur Skipulagsstofnun athygli framkvæmdaraðila á því að ef fyrirhugað verður að taka meira úr námunni en kemur fram í tilkynningunni, mun þurfa að tilkynna að nýju þá auknu efnisvinnslu. Stofnuninni þykir rétt að vekja athygli á þessu í ljósi þess sem fram kemur í svari Hafnarfjarðarbæjar við fyrirspurn Umhverfisstofnunar um endanlegan frágang námunnar, en í svarinu kemur fram að ekki sé ljóst hvert endanlegt efnismagn verði numið úr námunni til viðbótar, sem muni m.a ráðast af efnisþörf vegna feringar útrásar hreinsi – og dælustöðvar og hins vegar af deiliskipulagshugmyndum og útfærslum þeirra.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Hafnarfjarðarbær og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 14. janúar 2008.

Þóroddur F. Þóroddsson

Rut Kristinsdóttir